

s. 822 09 25

s. 822 24 66

fax (00354) 511 11 20

e-mail: szkola@szkolapolska.is

spspr@szkolapolska.is

Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar

Með bréfi þess vill Vinafélag Pólska Skólans í Reykjavík sækja um aðild á niðurgreiðslu frá íþróttá og tómstundastyrkum fyrir foreldra barna með lögheimili í Hafnarfirði, sem sækja pólsku nám í Pólska Skólanum í Reykjavík.

Félagið sem rekur Pólska Skólann í Reykjavík var stofnað árið 2008 vegna skorts á tækifærum í móðurmálkennslu fyrir börn af pólskum uppruna búsett á Íslandi. Kennsla í Pólska Skólanum er á laugardögum frá 9.30 til 14:30, 3-6 tímar á barn. Skólagjald greitt af foreldrum er innheimt einu sinni í mánuði. Kennsla fer fram allt skólaárið. Með því fullnægir skólinn skilyrðum um kennslu/þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og að lágmarki eina æfingu í viku.

Starfsemin er á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi. Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglinga. Allir kennara sem starfa í Pólska Skólanum eru með kennara réttindi frá Pólskum Háskólum og margir eru búin að afla kennsluréttinda á Íslandi. Nemendur skólans fá tækifæri til að spegla persónuleika, færni og þroska í samvistum við jafningja.

Nemendur sem búa í Reykjavík hafa möguleika á að nota Frístundakort til að greiða fyrir kennslu í Pólska Skólanum. Samkvæmt okkar upplýsingum er ekki kennd pólska í öllum skólum í Hafnarfirði þar sem eru pólskir nemendur.

Vinsamlegast skoðið þann möguleika að tvítyngd pólsk börn í Hafnarfirði geti nýtt íþróttá og tómstundastyrk frá sveitarfélaginu til að greiða fyrir nám í Pólska skólanum.

Virðingarfyllst,

f.h.Vinafélag Pólska Skólans,

Monika Sienkiewicz

skólastjóri